

FRÍSTUNDAHEIMILIÐ DRAUMALAND

YTRA MAT Á FRÍSTUNDASTARFI



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Nóvember 2017

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Ritun skýrslu og fylgiskjala:
Sigrún Harpa Magnúsdóttir, ritstjóri
Sigrún Sveinbjörnsdóttir
Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
Frístundaheimilið Draumaland	4
Greining	5
Stjórnun	8
Frístundastarf	10
Mannauður	12
Staðarbragur	13
Innra mat	14

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum ytra mats í Draumalandi sem fór fram í nóvember 2017. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem ritar þessa skýrslu en auk þeirra tók Elísabet Þóra Albertsdóttir, deildarstjóri barnastarfs í Árseli, þátt í matinu.

Meginstef ytra mats á frístundastarfi er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs, að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum frístundastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Frístundastarf
- III. Mannauður
- IV. Staðarbragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að öll frístundaheimili fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist frístundamiðstöðvum við innra mat.

Ytra matið byggir á niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, vettvangsathugunum í frístundaheimilinu og skriflegum gögnum frá frístundaheimilinu. Vettvangsheimsóknir og rýnihópar fóru fram 30. október – 3. nóvember í 2017.

FRÍSTUNDAHEIMILIÐ DRAUMALAND

Draumaland er frístundaheimili fyrir börn í 1.-4. bekk í Austurbæjarskóla. Það er starfrækt eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur frá kl. 13:40-17:00 og er staðsett við Austurbæjarskóla, Barónsstíg 32, 101 Reykjavík.

Á heimasíðu Draumalands kemur fram að leiðarljós og gildi starfseminnar eru að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af öryggi, virðingu, væntumþykju og vellíðan. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í samskiptum í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Á heimasíðunni kemur fram að félagamiðstöðin leitast við að nota lýðræðislega starfshætti, efla hæfni barnanna til að móta sér sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður. Jafnframt kemur fram að þjónusta við börn með sérþarfir er skipulögð í frístundaheimilinu, í samvinnu við foreldra, skóla og aðra fagaðila er tengjast börnunum.

Forstöðumaður Draumalands er Kristófer Nökkvi Sigurðsson og aðstoðarforstöðumaður er Nína Katrín Þorsteinsdóttir. Kristófer Nökkvi hóf störf sem forstöðumaður Draumalands á sumarmánuðum 2017 og hafði því ekki starfað lengi þegar ytra matið fór fram. Aðrir starfsmenn eru þrettán, í misjöfnum starfshlutföllum.

Styrkleikar:

Forstöðumaður Draumalands hafði starfað í 3 mánuði þegar ytra matið fór fram en hafði á skömmum tíma náð að endurskipuleggja og setja mark sitt á starfið á mjög jákvæðan hátt. Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður hafa mikinn metnað fyrir starfinu og nýta umhverfi og aðbúnað á markvissan hátt til að styðja við frístundastarfið. Skipulag og ábyrgð starfsfólks er skýr og móttaka og brottför barnahópsins er með skipulögðum hætti með skráningum í Google Hangouts. Samfélagsmiðlar og tölvupóstar eru notaðir til að miðla upplýsingum og fréttum af starfinu, sem bæði foreldrar og starfsfólk er ánægt með.

Starfsmannahópurinn er mjög fjölbreyttur og endurspeglar fjölbreytileika mannlífsins. Traust og gott samstarf er innan hópsins, starfsfólki líður vel í vinnunni, finnst starfið gefandi og áhugavert og það er ánægt með samskiptin og starfsandann. Starfsfólk er ánægt með vikulega starfsmannafundi, finnst það geta haft áhrif á starfið og finnur fyrir trausti stjórnenda. Aðgerðaráætlun fyrir starfsárið liggur fyrir. Hún hefur verið kynnt starfsmönnum og er einnig aðgengileg á heimasíðu. Starfsfólk hefur fengið afhentar upplýsingar um verkferla, starfslýsingar og siðareglur Reykjavíkurborgar og vel er haldið utan um fræðslu til þeirra. Starfsfólk hefur jákvætt viðhorf til starfsins og frekari þróun þess.

Á frístundaheimilinu ríkja jákvæð viðhorf og virðing fyrir margbreytileika. Starfsmenn sýna börnunum umhyggju, samskipti starfsmanna og barna eru jákvæð og uppbyggileg og leitast er við að þjálfa börnin í að verða sjálfstæð í athöfum daglegs lífs. Útivera er hluti af daglegu starfi og nærumhverfið er nýtt. Börnin hafa val um fjölbreytt viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, þ.e. val um frjálsan leik og skipulagt starf og komið er til móts við þau þegar þau vilja skipta um viðfangsefni. Í aðgerðaráætlun er skráð að markvisst verði unnið með fjölmenningu.

Litið er á foreldra sem samstarfsaðila, markvisst leitað eftir sjónarmiðum þeirra og unnið út frá ábendingum frá þeim. Þeim er boðið upp á viðtöl auk þess sem forstöðumaður situr skilafundi með leikskólanum að vori, móttökufundi fyrir börn með sérþarfir, börn af erlendum uppruna og einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir börn sem það þurfa. Forstöðumaður er fulltrúi grenndarsamfélagsins í skólaráði Austurbæjarskóla, er fulltrúi frístundastarfsins í eineltisteymi skólans og fundar mánaðarlega með skólastjóra Austurbæjarskóla.

Upplýsingaflæði til foreldra er mjög gott. Búið er að gera foreldrahandbók með góðum upplýsingum, bæði á íslensku og ensku. Foreldrar hafa trú á gæðum frístundastarfsins og telja verkefnið þar fjölbreytt og skapandi. Foreldrar bera traust til starfsfólks og telja að starfið hafi jákvæð félagsleg áhrif á börnin þeirra.

Tækifæri:

Helstu tækifæri í starfsemi Draumalands liggja í því að móta og kynna leiðir fyrir börnunum að hafa meiri áhrif á starfi. Skrá ætti formlega hvernig börn koma að ákvarðanatöku í starfinu og stofna þarf formlegt barnaráð m.a. til að leita markvisst eftir sjónarmiðum þeirra. Tækifæri liggja í því að vinna að því að ná til barna sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri og sóknarfæri eru í að vinna með hugmyndir barna til að þróa og móta leiksvæði. Leita ætti eftir sjónarmiðum barna við stefnumótun og starfsáætlunarvinnu og tækifæri liggja í því að efla ábyrgð barnanna enn frekar í þátttöku í daglegu starfi í samræmi við aldur og þroska. Tækifæri eru í að endurskoða reglur frístundaheimilisins með þátttöku barna og starfsfólks.

Leita ætti leiða til að efla klúbbastarf eða verkefni sem ná yfir lengri tíma, vinna meira með reynslunám, t.d. útivistasmiðjur eða fara í rannsóknarleiðangra, auka þátttöku yngri barna í markvissum vettvangsferðum og heimsóknnum, gera tjáningu barna hærra undir höfði, með sýningum á stuttum leikritum, lestri, dansi eða annarri tjáningu fyrir framan hóp.

Efla ætti samráð milli frístundar og grunnskóla um samnýtingu á húsnæði, t.d. fyrir síðdegishressingu og virkja þá börnin við framreiðslu á ávöxtum í síðdegishressingu með verkaskiptingu/umsjón. Æskilegt væri að frístundaheimilið hefði afnot af íþróttasal grunnskólans oftari en 1x í viku og rýmingaræfingar ættu að vera reglulega með börnum og starfsfólki.

Leita þarf leiða til að starfsfólk velji reglulega fræðslu til að efla sig enn frekar í starfi of og leita ætti leiða til að forstöðumaður geti setið á nemendaverndarráðsfundum, þegar við á. Kynna mætti gildi starfsstaðarins betur og vinna markvisst með þau.

Gagnlegt væri að bæta við upplýsingum á heimasíðu Draumalands, eins og frístundaheimilisdagatal, dagskrá mánaðarins, tengla fyrir öryggisferla, skráningarblöð, frístundakort, gjaldskrá o.fl. Æskilegt væri að merkja frístundaheimilið, aðstöðu fyrir fatlaðra þarf að laga og laga þarf pumpu í gula skúr til að koma í veg fyrir slys, eins og frístundaheimilið hefur farið fram á að verði gert. Gera ætti skriflega áætlun um foreldrasamstarf og senda mætti foreldrum og starfsmönnum upplýsingar um það sem er ofarlega á baugi í barnamenningu hverju sinni, eins og t.d. benda á útivistartíma, ný smáforrit eða greinar sem fjalla um málefni barna.

Niðurstöður – yfirlit:

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem dökkgrænt sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, ljósgrænt sýnir gott verklag þar sem flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, gult þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og rautt að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Stjórnun	Frístundastarf	Mannauður	Staðarbragur
Forstöðumaðurinn sem leiðtogi	Skipulag starfs og starfsaðstæður	Fagmennska starfsfólks	Viðmót og menning
Stjórnun stofnunar	Uppeldi og menntun	Starfsánægja	Velferð og líðan barna
Verklagsreglur og áætlanir	Starfshættir og viðfangsefni		Foreldrasamstarf
Faglegt samstarf	Virk þátttaka og lýðræði		
Þróun og nýbreytni	Mannréttindi og margbreytileiki		

Það sem vel er gert:

- Stjórnendur eru mjög sýnilegir í daglegu starfi og rækta samskipti við börn, starfsfólk og foreldra.
- Stjórnendur hafa á skömmum tíma náð að endurskipuleggja og setja mark sitt á starfið í Draumalandi.
- Stjórnendur nýta samfélagsmiðla og tölvupóst til að miðla upplýsingum og fréttum af starfinu.
- Foreldrar eru ánægðir með upplýsingamiðlunina.
- Starfsfólk er ánægt með vikulega starfsmannafundi, finnst það geta haft áhrif á starfið og finnur fyrir trausti stjórnenda.
- Stjórnendur hafa mikinn metnað fyrir starfinu og nýta umhverfi og aðbúnað á markvissan hátt til að styðja við starf frístundaheimilisins.
- Stjórnendur hafa sett reglur um umgengni og skýran ramma um starfsemina og kynnt fyrir starfsfólki, foreldrum og börnum.
- Starfsfólk fær starfslýsingar að hausti.
- Starfsfólk fær afhenta starfsmannahandbók að hausti, fær kynningu á siðareglum Reykjavíkurborgar og þekkir helstu verkferla sem unnið er eftir, s.s. varðandi öryggismál.
- Stjórnendur halda vel utan um daglega starfsemi og tölulegar upplýsingar og vel er haldið utan um inn- og útskráningar barnanna með ípöðum.
- Gætt er að öryggri vörslu gagna og persónuupplýsingar varðveittar í læstu excel skjali og í læstum skjalaskáp á skrifstofu forstöðumanns.
- Við nýráðningar er aflað upplýsinga frá sakaskrá og starfsmenn undirrita yfirlýsingu um trúnað í starfi.
- Starfsmannahópur Draumalands er mjög fjölbreyttur og endurspeglar fjölbreytileika mannlífsins.
- Starfsmenn fá grunnfræðslu að hausti.
- Farið er yfir öryggismál, slys og forvarnir.
- Rýmingaráætlun liggur fyrir og hangir uppi víða í Draumalandi.
- Verklag vegna barnaverndarmála er kynnt starfsmönnum.
- Aðgerðaráætlun liggur fyrir, er kynnt starfsmönnum og er aðgengileg á heimasíðu.
- Áætlanir um þjónustu við börn sem þurfa á stuðningi að halda eru fyrir hendi og starfsfólk vinnur samkvæmt þeim.
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir börn með sérþarfir.
- Unnið er eftir miðlægum áætlunum um móttöku barna með íslensku sem annað tungumál og áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi.
- Traust og gott samstarf er innan starfsmannahópsins.
- Upplýsingagiöf til starfsfólks og foreldra er góð.
- Starfsfólk er hvatt til að koma með hugmyndir til að auka fjölbreytni í starfinu og hugmyndum starfsfólks er vel tekið.
- Litið er á foreldra sem samstarfsaðila, markvisst leitað eftir sjónarmiðum þeirra og unnið út frá ábendingum frá þeim.
- Foreldrum er boðið upp á viðtöl.
- Foreldrum finnst starfsfólk mjög aðgengilegt og auðvelt að nálgast það.
- Forstöðumaður situr skilafundi með leikskólanum að vori og móttökufundi fyrir börn með sérþarfir og börn af erlendum uppruna.
- Forstöðumaður er fulltrúi grenndarsamfélagsins í skólaráði Austurbæjarskóla, er fulltrúi frístundastarfsins í eineltisteymi og fundar mánaðarlega með skólastjóra Austurbæjarskóla.

- Stjórnendur hafa unnið markvisst að umbótum í starfinu, m.a. út frá viðhorfskönnun foreldra.
- Ígrundun um starfið fer fram á vikulegum starfsmannafundum þar sem allir starfsmenn hafa rödd.
- Búið er að sækja um styrk til að vinna að þróunarverkefni.
- Námskeið eru í boði fyrir starfsmenn á hverju ári og starfsfólk er hvatt til að efla sig í starfi.
- Starfsmenn fá nýliða- og grunnfræðslu á haustin frá Tjörninni, m.a. varðandi öryggismál, slys, forvarnir og verklag vegna barnaverndarmála.

Tækifæri til umbóta:

- Æskilegt væri að börnin tækju meiri þátt í stefnumótun og ákvörðunum um starfið.
- Leita þarf leiða til að skapa færi á að starfsmenn fái tíma til að undirbúa starfið, t.d. klúbbastarf og smiðjur.
- Rýmingaræfingar ættu að vera reglulega með börnum og starfsfólki.
- Sóknarfæri eru að fá fram hugmyndir starfsmanna á markvissari hátt.
- Stofna þarf formlegt barnaráð m.a. til að leita markvisst eftir sjónarmiðum barna.
- Leita leiða til að forstöðumaður geti setið á nemendaverndarráðsfundum, þegar við á.
- Leita þarf leiða til að starfsfólk velji reglulega fræðslu til að efla sig enn frekar í starfi.
- Tækifæri liggja í að vinna að fleiri þróunarverkefnum.

Það sem vel er gert:

- Frístundastarfið í Draumalandi er vel skipulagt og ábyrgð starfsfólks skýr.
- Upplýsingagjöf til foreldra er með skipulögðum hætti í tölvupósti og á fésbókarsíðu.
- Móttaka og brottför barnahópsins er með skipulögðum hætti með skráningum í Google Hangouts.
- Góð samfella er í degi barnsins og mikil ánægja foreldra með fyrirkomulagið.
- Á vettvangi sáu matsaðilar að starfsfólk var alltaf sýnilegt á útisvæðum.
- Áhersla hefur verið á að endurnýja og auka fjölbreytni efniviðs fyrir val barnanna.
- Í Draumalandi er hugað að góðri líðan barnanna og áhersla er á góð og jákvæð samskipti innan hópsins.
- Starfsmenn sýna börnunum umhyggju og börnin eru hvött áfram.
- Starfsmenn í rýnihópi segja starfið ganga út á að efla félagsfærni barna.
- Leitast er við að þjálfa börnin í að verða sjálfstæð í athöfum daglegs lífs.
- Samskipti starfsmanna og barna eru jákvæð og uppbyggileg.
- Útivera er hluti af daglegu starfi og nærumhverfið er nýtt.
- Íþróttasalur grunnskólans er nýttur fyrir hreyfingu og frjálsan leik.
- Starfsmenn hittast reglulega á vikulegum fundum og fundargerðir eru ritaðar.
- Börnin hafa val um fjölbreytt viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra.
- Börnin hafa val um frjálsan leik og skipulagt starf og komið er til móts við þau þegar þau vilja skipta um viðfangsefni.
- Starfsfólk gefur sér góðan tíma til að spjalla við börnin og taka þátt í umræðum og leikjum.
- Börn úr 4. bekk fara í vettvangsferðir einu sinni í viku.
- Ánægja er með frjálsa mætingu 3.-4. bekkjar.
- Unnið er með hugmyndafræði og aðferðir barnalýðræðis með því að hafa hugmyndakassa og halda fund með börnum í 4. bekk til að fá fram hugmyndir þeirra fyrir vikulegar ferðir sem farið er í.
- Fastur liður í starfinu er að fara í árlega barnaréttindagöngu.
- Foreldrar voru ánægðir með þá fræðslu sem börnin þeirra fá í frístundaheimilinu.
- Á frístundaheimilinu ríkja jákvæð viðhorf og virðing fyrir margbreytileika.
- Áhersla er á að stuðningsbörn taki þátt í skipulögðu starfi frístundaheimilisins.
- Einstaklingsáætlun er gerð fyrir börn sem þurfa á stuðningi að halda, þær kynntar starfsfólki og foreldrar skrifa undir.
- Einstaklingsáætlanir eru endurmetnar reglulega.
- Forstöðumenn taka þátt í móttökuvíðtali í grunnskóla vegna barna með íslensku sem annað tungumál.
- Upplýsingar til foreldra með annað móðurmál en íslensku eru aðgengilegar á heimasíðu frístundaheimilis.
- Í aðgerðaráætlun er skráð að markvisst verði unnið með fjölmenningu.
- Skoðað hefur verið hvaða börn eru ekki á frístundaheimilinu og unnið að því að ná til þeirra.

Tækifæri til umbóta:

- Gagnlegt væri að bæta við upplýsingum á heimasíðu Draumalands og hafa m.a. frístundaheimilisdagatal, dagskrá mánaðarins, tengla fyrir öryggisferla, skráningarblöð, frístundakort, gjaldskrá o.fl.

- Tækifæri liggja í því að endurskoða enn frekar hvernig best er komið til móts við börnin varðandi síðdegishressingu, þ.e. tímann frá hádegismat til síðdegishressingar.
- Efla ætti samráð milli frístundar og grunnskóla um samnýtingu á húsnæði enn frekar, t.d. fyrir síðdegishressingu og klúbbastarf.
- Æskilegt væri að merkja frístundaheimilið, sérstaklega þann skúr sem foreldrar geta séð hvar börnin þeirra eru.
- Aðstöðu fyrir fatlaðra þarf að laga.
- Laga þarf pumpu í gula skúr til að koma í veg fyrir slys.
- Lagt er til að efniviður sé aðgengilegri.
- Æskilegt væri að frístundaheimilið hefði afnot af íþróttasal grunnskólans oftár en 1x í viku.
- Skipuleggja ætti markvisst hópastarf/klúbbastarf.
- Tækifæri eru að vinna meira með reynslunám, t.d. útivistasmíðjur, fara í rannsóknarleiðangra og velja viðfangsefni sem ýtir undir forvitni barnanna.
- Tækifæri liggja í því að auka þátttöku yngri barna í markvissum vettvangsferðum og heimsóknum.
- Sóknarfæri eru í að gera tjáningu barna hærra undir höfði, með sýningum á stuttum leikritum, lestri, dansi eða annarri tjáningu fyrir framan hóp.
- Skrá ætti formlega hvernig börn koma að ákvarðanatöku í starfinu og kynna það betur fyrir börnum, starfsfólki og foreldrum.
- Tækifæri liggja í því að vinna að því að ná til barna sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Formgera þarf vinnu með barnaráði.
- Sóknarfæri eru í að vinna með hugmyndir barna til að þróa og móta leiksvæði.
- Leita ætti eftir sjónarmiðum barna við stefnumótun og starfsáætlunarvinnu.
- Tækifæri virðast liggja í því að efla ábyrgð barnanna enn frekar í þátttöku í daglegu starfi í samræmi við aldur og þroska.
- Virkja mætti börnin meira við framreiðslu á ávöxtum í síðdegishressingu með verkaskiptingu/umsjón.
- Vinna meira með fjölmeninguna.
- Skoða mætti að brjóta upp staðalmyndir í starfinu.

Það sem vel er gert:

- Starfsfólk nýtir styrkleika sína og áhugasvið í starfinu.
- Starfsfólk hefur jákvætt viðhorf til starfsins og hefur áhuga á að þróa starfsemina enn frekar.
- Starfsfólk sýnir börnunum áhuga og athygli og gefur sér tíma til að spjalla við þau.
- Starfsfólk sýnir börnunum mikla umhyggju og virðingu.
- Samstarf og samvinna starfsfólks er góð.
- Samskipti og samstarf stjórnenda og starfsfólks er góð.
- Starfsfólk er virkt í starfi með börnunum og sýnir þeim hlýju.
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu og hefur trú á gæðum þess.
- Starfsfólk telur starf sitt metið að verðleikum af samstarfsfólki og yfirmönnum.
- Starfsfólki finnst það geta haft áhrif á starfið og fá að nýta styrkleika sína og áhugasvið í starfinu.
- Starfsfólki líður vel í vinnunni og finnst starfið gefandi og áhugavert.
- Starfsfólki finnst gaman í vinnunni og er ánægt með samskiptin og starfsandann.
- Gætt er að jafnrétti og jafnræði milli starfsmanna og skipulag starfsins styður við það.
- Starfsfólk fær hrós og endurgjöf frá stjórnendum.
- Starfsfólk er mjög ánægt með upplýsingamiðlunina og veit til hvers er ætlast af því.

Tækifæri til umbóta:

- Leita ætti leiða til að skapa svigrúm fyrir starfsfólk til að bjóða upp á smiðjur og klúbba í samræmi við áhuga og hæfileika hvers og eins.
- Skoða mætti leiðir til að þróa starfið enn frekar áfram, t.d. með þátttöku í þróunarverkefnum og með þátttöku allra starfsmanna í faglegru umræðu.
- Skoða mætti hvort hægt er að skipuleggja starfið í Risinu þannig að auðveldara væri fyrir starfsmenn þar að hafa yfirsýn yfir barnahópin.

Það sem vel er gert:

- Unnið er að frístundastarfi sem einkennist af góðu, jákvæðu andrúmslofti, gleði og virðingu.
- Gildi starfsstaðarins (ábyrgð, hjálpssemi, samvinna, vinátta, virðing) hafa verið unnin, hanga upp á vegg í frístundaheimilinu og endurspegla ágætlega daglegar áherslur í starfinu.
- Starfsfólk tekur vel á móti gestum.
- Foreldrar eru ánægðir með samskipti við starfsmenn og finnst starfið vel skipulagt.
- Vel er tekið á móti börnunum og ákveðinn starfsmaður ber ábyrgð á að merkja við þegar börnin koma.
- Þátttakendur í rýnihópum barna voru flestir sammála um að það væri bæði gott og skemmtilegt að vera í Draumalandi.
- Starfsfólk kemur fram við börnin af virðingu og sýnir þeim athygli og umhyggju.
- Starfsfólk er meðvitað um hlutverk sitt sem fyrirmyndir.
- Börnin eiga greiðan aðgang að starfsmönnum.
- Búið er að kynna skýrar reglur um umgengni og símanotkun fyrir börnunum.
- Í Draumalandi er lögð rækt við að byggja upp og viðhalda virku og góðu samstarfi við foreldra.
- Lögð hefur verið áhersla á að koma til mót við ábendingar sem komu fram í foreldrakönnun vorið 2017.
- Ánægja kom fram í rýnihópi foreldra með samskipti og viðmót starfsfólks og forstöðumanna.
- Boðið er upp á viðtöl fyrir þá foreldra sem það vilja .
- Stjórnendur hafa lagt sig fram um að boða foreldra barna með stuðning til fundar til að ræða frístundaheimilið sérstaklega.
- Upplýsingaflæði til foreldra er mjög gott.
- Búið er að gera foreldrahandbók með góðum upplýsingum, bæði á íslensku og ensku.
- Foreldrar hafa trú á gæðum frístundastarfsins og telja verkefni þar fjölbreytt og skapandi.
- Foreldrar bera traust til starfsfólks og telja að starfið hafi jákvæð félagsleg áhrif á börnin þeirra.

Tækifæri til umbóta:

- Kynna mætti gildi starfsstaðarins betur og vinna markvisst með þau.
- Mikilvægt er að starfsmenn kveðji börnin alltaf þegar þau fara.
- Tækifæri eru í að endurskoða reglur frístundaheimilisins með þátttöku barna og starfsfólks.
- Gera ætti skriflega áætlun um foreldrasamstarf.
- Senda mætti foreldrum og starfsmönnum upplýsingar um það sem er ofarlega á baugi í barnamenningu hverju sinni, eins og t.d. benda á útivistartíma, ný smáforrit eða greinar sem fjalla um málefni barna.

INNRA MAT

Engar athugasemdir eru gerðar við þennan matsþátt og hvorki dregið fram það sem vel er gert né það sem betur má fara þar sem innra mat hefur ekki ennþá verið innleitt með formlegum hætti í frístundastarf.